# *Nr. 083 / 16 Rifsnes SH 44*

## *Skipverji slasast á fæti við fall*

*Skipaskr.nr.* 2847 *IMO nr.* 9216781
*Smíðaður:* Noregi stál 1999
*Útgerð:* Hraðfrystihús Hellissands hf
*Stærð:* brl. 776,45 bt.
*Mesta lengd:* 43,20 m *Skráð lengd:* 39,94 m
*Breidd:* 9 m *Dýpt:* 9,14 m
*Vél:* Yanmar 749 kW 1999
*Fjöldi skipverja:* 13



Rifsnes©Alfons Finnsson

***Gögn:***
*Lögregluskýsla*
*Gögn RNSA*

*Málið afgreitt á fundi 20. febrúar 2017 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma Jónssyni og Hirti Emilssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagni í dómsmáli.*

### *Atvikalýsing:*

Þann 15. ágúst 2016 var Rifsnes SH 44 við bryggju á Rifi. Veður SSA 5 m/s.

Skipverjar voru að undirbúa veiðiferð og voru tveir þeirra að vinna við að færa til fiskikör í tveimur hæðum í lestinni út í síðu. Þeir notuðu til þess hjólatjakka og járn *(skjólborð úr stíu)* en við þetta losnaði járnið óvænt, þeir féllu báðir þannig að annar þeirra lenti ofan á hinum. Sá sem varð undir lenti illa með vinstri fótinn og ökklabrotnaði. Að ósk læknis var þyrla LHG kölluð til og flutti þann slasaða til Reykjavíkur.

### *Við rannsókn kom fram:*

- að fiskikörin voru full af hrájárni og steypu sem ætluð voru sem föst kjölfesta í bakborðssíðu en reyndust ekki nauðsynleg.

### *Nefndarálit:*

Nefndin ályktar ekki í málinu.